



## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

### Leiðbeinandi reglur

Unnið af: HE	Aðgengi að fyrirtækjum, úðakerfum og neyðarstigagöngum	Númer:	Bls: 1
Samþykkt af:		Dags: 22.03.2010	Endurskoðað síðast:

Við eldsvoða þarf slökkvilið oft að hafa aðgang að fyrirtækjum, klefum sjálfvirkra úðakerfa sem og að neyðarstigagöngum.

Almennt eru hurðir að þessum stöðum nokkuð öflugar og því seinlegt að brjótast þar inn og skaðinn sem af því hlýst allnokkur. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur einnig þá stefnu að geyma ekki hjá sér lykla að fyrirtækjum og stofnunum til að ekki sé nein hætt á misnotkun.

Ýmsar leiðir eru til að leysa svona mál og hafa margir framleiðendur lásabúnaðar sett snjallar lausnir á markað fyrir einstakar hurðir sem og kerfisbúnað fyrir allar hurðir fyrirtækisins. Hægt er að leita að þessum lausnum á netinu, t.d. undir „CODE LOCKS“.



SHS leggur til að fyrirtæki sem þess óska, sérstaklega þau hús sem hafa úðakerfi og eru flestöll með tengingu við viðurkennt öryggisfyrirtæki, setji upp útlæsingar með öryggiskóða þar sem kóðinn er einungis í vitneskju öryggisfyrirtækisins.



Við eldboð hefur öryggisfyrirtækið samband við SHS og gefur því upp viðkomandi öryggisnúmer og getur þá slökkviliðið opnað dyrnar án nokkurra skemmda.

Öryggisvörður kemur síðan á vettvang og setur inn nýjan kóða við verklok SHS.

Nauðsynlegt er að staðsetning og aðkoma að úðakerfum, stigleiðslum og neyðarstigagöngum sé vel merkt. Merkingar þurfa að vera þannig að þær sjáist úr fjarlægð.

Öryggislæsingar hurða þurfa að bera merki viðkomandi öryggisfyrirtækis þannig að hægt sé að hringja eftir upplýsingum ef þær berast ekki að sjálfsdáðum.

